ALIST

safnstjórnas er skýr og afgerandi. Í viðtali við Huin í skrá yfir verk safnsins, segir hann frá því, að hann vilji leggja áherslu á þær breytingar sem koma fram með pop-listinni, þegar hið hefðbundna málverk/listaverk var komið í nokkurs konar blindgötu. Pop-listin hafi innleitt nýjar hugmyndir og forsendur til listsköpunar. Að öðru leyti kemur það skýrt fram í þeim listaverkum sem eru í eigu safnsins, að safnstjórinn álítur vaxtarbrodd heimslistarinnar síðastliðna áratugi hafa legið umfram allt í höggmyndalistinni, hvort sem hún birtist innan arte povera, minimalisma eða concept-listarinnarr. Í raun sýnir Huin, að ekki er lengur um að ræða höggmyndalist, heldur rýmislist, hvort sem heldur á vegg eða gólfi. Og víst er, að val safnstjórans einkennist af óvenju mikilli þekkingu og innsæi í alþjóðlega nútímalist. Safn þetta er án vafa eitt stórfenglegasta úrval nútímalistar í heiminum í dag.


Sýningin sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum hefur að geyma úrval verka úr safninu í Epinal. Og ef við lítum aðeins yfir nokkur nöfn til að gera okkur grein fyrir mikilvægi sýningarinnar, þá er fyrst að nefna verk eftir Andy Warhol „10 Campbell-súpudósir", en Warhol gerði margar útgáfur af þessum frægu dósum, svo nú er jafnvel spurning hvort kemur fyrr upp í hugann, Warhol eða súpan, þegar menn berja þessar dósir augum. Frank Stella með verkið Konskie 11 frá 1971, er að vissu leyti vendipunktur í safni Epinal. Hann framlengir hið hefðbundna ameríska abstraktmálverk, samtímis því að hann vísar leiðina inn á minimalismann. Einn helsti fulltrúi minimalismans á þessari sýningu er hinn heimsþekkti myndlistar- og fræðimaður, Donald Judd, sem í verkum sínum vill gera áhorfendum kleift „að vera" í líkamlegum og tilvistarlegum skilningi inni í rúmtaki listaverksins. Annar minimalisti, Carl Andre, á ennfremur frægt verk á sýningunni. Listastefnan arte povera, sem vildi losa listaverkið undan þeim örlögum að kallast „neyslu-varningur", á hér merka fulltrúa. Mario Merz er einn þekktasti myndlistarmaður Ítala í dag, en eftir hann er verkið „Trucciolo '67-'69"; heysáta á stól með neonljósi. Hann hefur annars aðallega fengist við að íhuga og útfæra hvolflaga form eskimóahúsanna í ýmsum efnum og er það nánast orðið einskonar stílbragð innan arte povera. Concept-listin á einnig sinn mann í þessari sýningu, Joseph Kosuth, sem mikið hefur fengist við tungumál/myndmál og fræðilegar skilgreiningar á listhugtakinu. Þó svo verk hans séu margslungin og stórbrotin, eru þau ávallt sjónrænt hrífandi. Auk þessara listpáfa, sem hér hafa verið nefndir og verið hafa leiðandi fyrir ákveðnar listastefnur, eru einstakir listamenn, sem eru ekki síður stórveldi í listasögu samtímans. Tony Cragg, er frægasti myndhöggvari Breta í dag og vinningshafi gullljónsins í Feneyjum 1988. Þó svo hann eigi margt að þakka listamönnum eins og Arman og Richard Long hefur hann kunnað að endurmeta þá þekkingu og reynslu. Verk hans, sem eru sett saman úr ýmsum hlutum og ólíkum efnum, fjalla ekki einvörðungu um hlutstætt gildi þeirra, heldur eiga þeir að fá nýtt hlutverk í vitsmunalegri og tilfinningalegri upplifun áhorfandans. Samkvæmt Cragg sjálfum „öðlast plastgreiður eða dósir metafýsíska tilvist í verkum listamannsins". Þó málverkið eigi fáa málsvara í safninu í Epinal og þá sérstaklega nýja þýska málverkið er nýkomin mynd eftir stórmeistarann Sigmar Polke, en hann hefur verið



Michael Buthe. „Fall I "(Marrakech) 1982.




Rembrandt. „Mater dolorosa".



Tony Cragg. „S "1984.

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á alþjóðlegri nútímalist frá listasafni Epinal í Frakklandi. Þar gefur að líta úrval verka eftir listamenn sem hefur borið hvað hæst í listasögunni síðustu áratugi.



Frank Stella. „Konskie II " (Poland series) 1971.

síðastliðin ár ein skærasta stjarnan í þýska nýmálverkinu ásamt Kiefer, Penck, Baselitz og Immendorff. Ástæðan fyrir valinu á Sigmar Polke er vafalítið sú, að hann er einn þýsku nýmálaranna sem getur flokkast undir póst-módernísk viðhorf til listarinnar. Myndmál hans er ættað frá poppinu og nærist m.a. á þeim sannindum að listamaðurinn sé ekki í raun eina forsendan fyrir því sem gerist á léreftinu.

Þegar litið er yfir verkin á sýningunni er ekki fjarri, að yfirskrift hennar gæti verið póst-módernismi. Þó svo að þessir listamenn séu um margt ólíkir, er annað sem sameinar þá: margvísleg kenningabrot póst-módernismans, þar á meðal afstaðan til beinnar og óbeinnar listsköpunar. Í flestum verkum sýningarinnar er það ekki „innri nauðsyn" eða „tilfinningaleg útgeislun" sem viðkomandi listamenn tjá, heldur eiga þeir flestir það sameiginlegt að taka einkar vitsmunalega afstöðu til listhugtaksins og hugmyndarinnar að skapa. Listamaðurinn hér er sjaldnast upphaf né endir að hverju verki, auk þess sem listaverkin vitna lítt um persónulega nálægð hans. Andy Warhol „framleiðir" ópersónulega útfærðar súpudósir endurteknar í sífellu. Donald Judd lætur framleiða járnkassana í verksmiðju til að afmá ummerki listamannsins. Richard Long velur og safnar steinum úti í náttúrunni sem hann raðar upp í ákveðin form. Vostel rífur niður auglýsingaplaköt á tilviljunarkenndan hátt. Sigmar Polke varpar þekktri mynd af konungsfjölskyldunni á léreft með aðstoð myndvörpu. Og svona mætti lengi þræða sig í gegnum „hina óbeinu sköpun póst-módernismans" sem við kynnusmt í verkum flestra þessara listamanna.

Víst er að þessi sýning að Kjarvalsstöðum á alþjóðlegri nútímalist sýnir vel þá þróun sem átt hefur sér stað í listinni úti í hinum stóra listheimi á síðastliðnum áratugum. Er þetta einstakt tækifæri fyrir íslenska listunnendur til að sjá og njóta meistaraverka samtímans, því aldrei fyrr hafa svo margir merkir listamenn verið saman komnir innan veggja listasafns á Íslandi.

Þátttakendur í sýningunni Alþjóðleg Nútímalist að Kjarvalsstöðum: Giovanni Anselmo, Richard Artschwager, Carl Andre, Michael Buthe, Tony Cragg, Gilbert and George, Joseph Kosuth, Richard Long, Mario Merz, Helmut Newton, Jean-Pierre Raynaud, Frank Stella, Richard Tuttle, Bernard Venet, Jacques Mahé de la Villeglé, Gilberto Zorio, Pino Pascali, Wolf Vostell, Sigmar Polke, Niele Toroni, Robert Morris, Andy Warhol, Donald Judd, Jenny Holzer, Philippe Cazal, Dan Flavin.

Gunnar B. Kvaran